# Sunnudagur 9. júlí



SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sunnudagshugvekja.** Björg Einarsdóttir rithöfundur flytur.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Shelley.** (The Return of Shelley). Breskur gamanmyndaflokkur um hrakfallabálkinn vinnufælna sem skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkrum árum. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Öld vatnsberans.** Nýr þáttur í umsjón Kolbrúnar Halldórsdóttur.
21.15 **Vatnsleysuveldið.** (Dirtwater Dynasty). Áttundi þáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.05 **Brúðarbrenna.** (Sati – The Case of Roop Kanwar). Bresk heimildarmynd um þann indverska sið að brenna ekkjur lifandi á gröfum eiginmanna sinna. Þýðandi og þulur Stefán Jökulsson.
22.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.25 **Lafði Lokkaprúð.** Falleg teiknimynd.
9.35 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.15 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.05 **Drekar og dýflissur.** Teiknimynd.
11.30 **Kaldir krakkar.** Spennandi framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum fyrir börn og unglinga. 5. þáttur.
11.55 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
12.20 **Suzanne Vega.** Tónleikar í Royal Albert Hall 1987.
13.15 **Mannslíkaminn.** Living Body. Vegna fjölda áskorana tökum við nú aftur til sýninga þessa einstaklega vönduðu þætti um mannslíkamann.
13.45 **Stríðsvindar.** North and South. Vegna fjölda áskorana hefur Stöð 2 ákveðið að endursýna þessa stórkostlegu framhaldsmynd sem byggð er á metsölubók John Jake. Þriðji hluti af tólf. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
15.15 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjörnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaraðferðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
16.10 **Dauði ungbarna.** Fræðslumynd um unbarnadauða.
17.15 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. **Suzanne Vega/Frank Rich, umsjón: Melvyn Bragg.**
**18.00 Golf.** Sýnt frá alþjóðlegum stórmótum víða um heim með öllum bestu kylfingunum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Framhaldsmyndaflokkur í ævintýralegum stíl fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Rody McDowell og Jeff Mackay. Framleiðandi: Don Bellisario.
20.55 **Stöðin á staðnum.** Stöð 2 er á hringferð um landið og í kvöld er Neskaupstaður sóttur heim.
21.10 **Lagt í'ann.** Að þessu sinni skreppur Sigmundur Ernir til Vestmannaeyja, skoðar eyjuna og spjallar við heimamenn. Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. Dagskrárgerð: Gunnlaugur Jónasson.
21.40 **Tilkall til barns.** Baby M. Framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Myndin er sannsöguleg, byggð á frægum málaferlum sem áttu sér stað í Bandaríkjunum fyrir um það bil fjórum árum og eru mörgum enn í fersku minni. Stern-hjónin, Betsy og Bill, eru vel stæð og þrá að eignast barn. En Betsy veikist af sjúkdómi sem verður til þess að meðganga væri henni ofviða. Þau leita á náðir læknastöðvar þar sem þau eru kynnt fyrir tveggja barna móður sem er fús að láta frjóvga sig með sæði Bills og ganga með barnið fyrir þau gegn hárri peningaupphæð. Samningur er undirritaður en þegar barnið fæðist snýst henni hugur og hefjast þar með söguleg réttarhöld. Aðalhlutverk: Jobeth Williams, Bruce Weitz, John Shea, Robin Strasser og Garry Skoloff. Seinni hluti verður á dagskrá miðvikudagskvöldið 12. júlí.
23.20 **Að tjaldabaki.** Backstage. Nýr frábær þáttur sem er vel þess virði að horfa á svona í vikulokin. Skyggnst er bak við tjöldin í kvikmyndaheiminum, stórstjörnur verða teknar tali og einnig þekktir leikstjórar. Meðal þeirra sem fram koma í þessum og næstu þáttum verða Cher, Madonna, Sigourney Weaver, Sean Connery og fjöldi annarra.
23.45 **Orrustuflugmennirnir.** Flying Tigers. Baksviðið er seinni heimsstyrjöldin. Ungir bandarískir orrustuflugmenn herjuðu í sífellu á japanska flugherinn yfir Burma. Aðalhlutverk: John Wayne, John Carroll, Anna Lee, Paul Kelly og Mae Clarke.

Rás I
FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson prófastur á Hvoli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni.** með Ásgeiri Gunnarssyni framkvæmdastjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Markús 8, 1 - 9.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** – Antonín Dvorák, Felix Mendelsohn og Ludvig van Beethoven.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.25 **Það er svo margt ef að er gáð.** Ólafur H. Torfason og gestir hans ræða um Jónas Hallgrímsson náttúrufræðing og skáld.
11.00 **Messa í Hallgrímskirkju.** Prestur: Séra Ragnar Fjalar Lárusson
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Síldarævintýrið á Siglufirði.** Sjötti og síðasti þáttur í umsjá Kristjáns Róberts Kristjánssonar og Páls Heiðars Jónssonar. (Frá Akureyri.)
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi.** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með mannabein í maganum...** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý.
17.00 **Frá Skálholtstónleikum laugardaginn 1.** júlí. Manuela Wiesler og Pétur Jónasson leika verk fyrir flautu og gítar: – Siciliana úr „Columbínu" eftir Þorkel Sigurbjörnsson. – Tilbrigði við jómfrú eftir Kjartan Ólafsson. – Entr'acte eftir Jacques Ibert. – Canto e Danza eftir Erland von Koch. Kynnir: Hákon Leifsson. (Hljóðritun Útvarpsins.)
18.00 **Út í hött.** með Illuga Jökulssyni.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Leikrit mánaðarins:** Dálítil óþægindi eftir Harold Pinter. Þýðing: Örnólfur Árnason. Leikstjóri: Jón Viðar Jónsson. Leikendur: Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld. (Áður útvarpað fyrra laugardag.)
20.45 **Íslensk tónlist.**
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Freyr Þormóðsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Hreiðars þáttur heimska. Gunnar Stefánsson les.
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmóníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05.)
23.00 **Mynd af orðkera.** Umsjón: Friðrik Rafnsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok eftir Franz Schubert.**
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Sötti þáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu BBC. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
16.05 **Söngleikir í New York** – Kabarett. Árni Blandon kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Íþróttarásin** – Fyrsta deild karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Íþróttafréttamenn fylgjast með leikjum Vals og ÍA á Valsvelli, ÍBK og Fylkis í Keflavík og FH og Víkings í Hafnarfirði.
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Næturnótur.**
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.



FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálina. Förum snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útigrillið!
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Góð tónlist.
20.00 **Pétur Steinn Guðmundsson** leikur lögin sem allir vilja heyra.
24.00 **Næturdagskrá.**

Stjarnan FM 102,2 á 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
14.00 **Kjartan „Daddi" Guðbergsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla.
17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
24.00 **Næturstjörnur.**

RÓT ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Ferill og „FAN". Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.**
**19.00 Gulrót. Guðlaugur Harðarson.**
**20.00 Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar,**
24.00 **Næturvakt.**



EFF EMM 95,7

7.00 **Stefán Baxter.**
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
**22.00 Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

SKY CHANNEL

4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýrasería.
5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **Íþróttaþáttur.** Kappakstur.
11.30 **Tískuþáttur.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
15.00 **Big Valley.** Vestraþáttur.
16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
17.30 **Dolly.** Skemmtiþáttur með Dolly Parton.
18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.30 **Flesh andBlood.** Framhalsflokkur.
21.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.30 **Poppþáttur.**

SKY MOVIES

15.00 **Fatty Finn.**
17.00 **Homeward Bound.**
19.00 **The Mean Season.**
20.45 **Star 80.**
22.30 **Raising Arizona.**
00,05 **The Boston Strangler.**

EUROSPORT

9.30 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.30 **Knattspyrna kvenna.**
12.30 **Rugby.** Ástralía gegn Bresku ljónunum.
14.00 **Hestaíþróttir.**
15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Frjálsar íþróttir.**
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Kappróður.** Lokadagur keppni í Sviss.
20.00 **Kappakstur.** Grand Prix frá Castellet í Frakklandi.
22.00 **Hestaíþróttir.**
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Heimildarmynd.**
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Shoestring.** Sakamálaþáttur.
20.00 **Körfubolti.** Úrslitakeppni í NBA.
20.25 **Hannie Caulder.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**



**Suzanne Vega er annar tveggja gesta í Listamannaskálanum.**

## Stöð 2 kl. 17.15:

# Listamannaskálinn

Í Listamannaskálanum verða tvær þekktar persónur teknar tali, Frank Rich og Suzanne Vega. Frank Rich er leiklistargagnrýnandi New York Times og er talinn geta fellt sýningu með einni setningu. Í viðtalinu er fjallað vítt og breytt um menningarlíf í New York, áhrifavalda í menningarlífi eins og eyðni og fólkið sem fylgist með menningunni.

Hinn viðmælandinn, Suzanne Vega, segir frá sjálfri sér og listsköpun. Hún lýsir því hvernig vinsældir hennar þróuðust og hvers vegna. Hún lýsir lífinu í New York, segir frá ljóðum sínum og hvers vegna henni lætur vel að segja sögur í ljóðum.



**Paddington leikur á als oddi í Sumarglugganum.**

## Sjónvarp kl. 18.00:

# Sumarglugginn

Sumarglugginn fer í heimsókn í Vindáshlíð en þar eru reknar sumarbúðir fyrir stúlkur. Árni Blandon segir söguna af Gilitrutt og leikur öll hlutverk í sögunni. Þá verður Frístund með vininum Paddington í fararbroddi. Teikningar og teiknimyndir verða á sínum stað eins og venjulega. Teiknimyndirnar að þessu sinni eru: Litla vélmennið, Rottuskotturnar, Tuskudúkkurnar og Þríburarnir. Umsjónarmaður er Árný Jóhannesdóttir og upptökum stjórnaði Eggert Gunnarsson.



**Kristján Sigurjónsson hefur séð um að tengja heimshluta í tónlistarvali sínu.**

## Rás 2 kl. 17.00:

# Tengja

Tónlistarþáttur Kristjáns Sigurjónssonar, Tengja, hefur verið á dagskrá rásar 2 síðan í ársbyrjun 1988. Í þættinum leitast Kristján við að tengja saman tónlist frá öllum heimshornum. Grunntónninn er þjóðleg hefð hvers lands en formið getur verið djass, rokk eða ljóðasöngur. Að eigin sögn leitar Kristján helst fanga í afrískri, suður-amerískri og evrópskri tónlist. Það eru ekki eingöngu tónlistarmenn frá umræddum löndum sem leika; frægir tónlistarmenn sem eiga rætur sínar í engilsaxneskri dægurtónlist hafa líka tekið þjóðleg stef frá öðrum löndum og nægir að nefna Paul Simon, Peter Gabriel og Sting.